

Skipulags- og byggingarfulltrúi Borgarbyggðar
Drífa Gústafsdóttir/Sæmundur Óskarsson
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi

12. desember 2025

Varðandi: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar í landi Syðstu-Fossa

Unnsteinn Snorri Snorrason, landeigandi á Syðstu-Fossum í Borgarbyggð, óskar hér með eftir framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar og undirbúnings haugsetningarsvæða vegna fyrirhugaðra endurbótaframkvæmda við Andakílsárvirkjun. Framkvæmdin fer fram í sveitarfélaginu Borgarbyggð.

Eftirfarandi upplýsingum og fylgiskjöllum er ætlað að uppfylla kröfur skv. reglugerð nr. 772/2012 vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi.

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn: Unnsteinn Snorri Snorrason
Kennitala: 161276-4729
Heimilisfang: Syðstu-Fossar
311 Borgarnes

Afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:2.000-1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða

Sjá teikningu AND-90-C-0-050002 í fylgiskjali 1.

Hönnunargögn

Fyrirhugaðri framkvæmd er lýst hér á eftir. Fullnaðarhönnunargögn/teikningasett eru lögð fram með umsókn þessari í fylgiskjali 1.

Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum

Framkvæmdalýsing

Vinnuslóðar verða lagðir eins og teikning AND-90-C-0-050002 sýnir. Þar sem vegir eru lagðir yfir gróið land skal gróðurþekja tekin upp og haldið til haga svo hægt sé að nýta hana til að leggja yfir haugsetningarsvæði eða önnur röskuð svæði. Einnig skal laga núverandi vegi innan verksvæðis þannig að þeir uppfylli kröfur verksins varðandi þungaflutninga.

Vinnuvegir verða byggðir upp eins og sjá má á kennisniði á teikningu AND-90-C-0-050015. Staðsetning vinnuslóða er sýnd á yfirlitsmynd AND-90-C-0-050002 en skal endanlega ákveðin í samráði við fulltrúa verkkaupa. Almenn skal hæðarlega vega fylgja undirliggjandi landi. Þess verður gætt að undirliggjandi jarðvegi sé ekki raskað áður en útlagning hefst, sérstaklega á blautum svæðum. Á ákveðnum svæðum þarf að fylla undir styrktarlag til að jafna út landslag eða vegna bleytu en því skal almennt haldið í lágmarki.

Á svæðum þar sem jarðvegur er viðkvæmur eða mjög blautur verður lagður jarðvegsdúkur undir slóð, útskot og snúningsplön.

Lágmarks uppbygging vega er (sjá kennisnið á teikningu AND-90-C-0-050015):

- 400 mm þykkt styrktarlag lagt ofan á núverandi land eða undirfyllingu þar sem þörf krefur.
- 50 mm þykkt jöfnunarlag lagt yfir styrktarlag til afréttingar.
- 4 m breidd á yfirborði.

Verktaki skal útvega allt fyllingarefni í plön og vinnuvegi og annast flutning þess á verkstað, ásamt því að koma því fyrir, jafna og þjappa. Almennu skal efni vera vel þjappanlegt, burðarhæft og frostfrítt.

Undirfylling

Undirfyllingum verður haldið í lágmarki í verkinu. Þurfi á einstaka stöðum að fylla undir styrktarlag til að aðlagast landi eða vegna mikillar bleytu skal nota sama efni og í styrktarlag. Ef hætta þykir á að vegslóði sígi óeðlilega verður metin þörf á að leggja jarðvegsdúk undir vegfyllinguna.

Styrktarlag

Í styrktarlag verður notað frostfrítt, burðarhæft efni sem ekki inniheldur lífræn efni. Í styrktarlag verður notað brotið berg eða púkkmulningur.

Plön og útvíkanir

Útbúin verða mætingarplön eftir því sem þörf krefur. Reiknað er með mætingarplani fyrir hverja 300 m af vegi. Stærð mætingarplans skal vera 4 m að breidd og 7 m að lengd. Reynt verður að staðsetja mætingarplön á ógrónum svæðum. Ef það reynist ekki unnt og þau yrðu lögð yfir gróið land skal gróðurþekjan tekin upp og haldið til haga svo hægt sé að nýta hana í frágang að verki loknu.

Öll plön verða fjarlægð að verki loknu.


Ræsi

Lögð verða rörræsi undir vinnuslóða til að hindra uppsöfnun vatns.

Haugsetningarsvæði

Haugsetningarsvæði í verkinu eru skilgreind á teikningum AND-90-C-0-050011, AND-90-C-0-050012, AND-90-C-0-050013 og AND-90-C-0-050014 í fylgiskjali 1. Áður en haugsetning efnis hefst á haugsetningarsvæði skal taka upp gróðurortfur sem heillegastar ásamt efsta lagi jarðvegs af yfirborði á öllu svæðinu. Gróðurinn skal lagður til hliðar á fyrirfram ákveðið svæði og nýttur til frágangs þegar vinna við haugsetningarsvæði er lokið. Frágangur verður í samráði við verkkaupa.

Þess skal getið að fyrirhugaðar framkvæmdir eru hluti fyrirhugaðra framkvæmda í og við lón Andakílsárvirkjunar, sem voru tilkynntar til ákvörðunar um matsskyldu þann 20. desember 2021. Í þeirri tilkynningu var gert ráð fyrir að setið í lóninu yrði flutt á nokkur haugsetningarsvæði í nágrenni inntakslóns Andakílsárvirkjunar (**mynd 1**). Annars vegar var um að ræða svæði til landmótunar í landi Efri Hrepps og Andakílsárvirkjunar og hins vegar þrjár námur, tvær gamlar og ein virk. Hugmyndin var að setefnið myndi nýtast að einhverju leyti til uppgreðslu en við nánari athugun kom í ljós að lítið er um lífrænt efni í setinu og það þar af leiðandi ekki hentugt í þeim tilgangi.



Mynd 1 Haugsetningarsvæði eins og þau voru ráðgerð í fyrirspurn um matsskyldu.


Í ljósi ofangreinds, var ákveðið að skoða önnur minna gróin svæði til haugsetningar. Niðurstaðan var að haugsetja efnið í landi Syðstu-Fossa eins og að framan greinir (sjá yfirlitsmynd AND-90-C-0-050002). Skráning minja á svæðinu hefur farið fram (fskj. 2). Ein fornleif var skráð innan svæðisins, nánar tiltekið hluti leiðar sem liggur á stuttum kafla í landi Syðstu-Fossa yfir gróinn mel (BO-661:028). Sótt verður um leyfi til afléttingar minjaverndar á þessum kafla til Minjastofnunar Íslands áður en til framkvæmda kemur en fyrirhugað framkvæmdasvæði kemur til með að fara yfir þess leið á um 150 m kafla (**mynd 2**).

Að höfðu samráði við Skipulagsstofnun er nægilegt að gera grein fyrir breytingu á staðsetningu haugsetningarsvæða frá matsskyldufyrirspurn í framkvæmdaleyfisumsókn og því sé ekki þörf á tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

Frágangur

Lögð er rík áhersla á að lágmarka allt yfirborðsrask á framkvæmdasvæðum og endurnýta eins og kostur er núverandi gróður og jarðveg við yfirborðsfrágang. Mikilvægt er að röskuð svæði séu felld vel að aðliggjandi svæðum og umhverfi. Að verki loknu er stefnt að því að útlit gróðursvæða verði sem næst því sem var þegar verkið hófst. Sérstakrar varúðar verður gætt til að koma í veg fyrir að lúpína dreifi sé enn meira en hún hefur þegar gert á þessu svæði.

Á þeim svæðum sem ekki er mögulegt að nýta gróðurþekju, verður fræslægju dreift jafnt yfir svæðið.



Mynd 2 Áætluð lega leiðar BO-661:028 í gegnum framkvæmdasvæðið.

Framkvæmdatími og áfangaskipting

Gert er ráð fyrir að vinnuvegur að haugsetningarsvæðum ásamt haugsetningarsvæðum 1 og 2 verði tilbúin til notkunar eigi síðar en þann 1. júní 2026. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember sama ár og endurbótaframkvæmdum við Andakílsárvirkjun er lokið.

Skipulag

Fyrirhugaðar framkvæmdir í landi Syðstu-Fossa eru í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 er Andakílsárvirkjun afmörkuð sérstaklega sem athafnasvæði. Framkvæmdir í landi Syðstu-Fossa eru á skilgreindu landbúnaðarsvæði norðan við lón Andakílsárvirkjunar. Fyrirhugaðar framkvæmdir kalla ekki á breytingu á aðalskipulagi.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu

Eins og fram hefur komið er fyrirhuguð slóðagerð og undirbúningur haugsetningarsvæða hluti fyrirhugaðra framkvæmda í og við lón Andakílsárvirkjunar, sem voru tilkynntar til ákvörðunar um matsskyldu þann 20. desember 2021. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tilkynningu Orku náttúrunnar um framkvæmdir í og við lón Andakílsárvirkjunar, dags. 1. júlí 2022, kemur fram að stofnunin telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat

framkvæmda og áætlana. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nánari útlistun á ákvörðun Skipulagsstofnunar er á vef Skipulagsstofnunar¹.

Framangreind ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) þann 31. júlí 2022. Í kærinni var þess krafist að ákvörðun Skipulagsstofnunar yrði felld úr gildi. Niðurstaða ÚUA var, að vísa málinu frá þar sem kærandi var ekki talinn eiga slíka lögvarða hagsmuni af hinni kærðu ákvörðun umfram aðra, að honum yrði játuð aðild að málinu.

Upplýsingar um önnur leyfi

Auk framkvæmdaleyfis eru framkvæmdirnar háðar eftirfarandi leyfum:

- Haugsetning er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna móttöku jarðefna og landmótunar, sbr. reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Sótt verður um þetta leyfi þegar kemur að framkvæmdum við endurbætur Andakílsárvirkjunar.
- Aðstaða verktaka vegna framkvæmdanna er starfsleyfisskyld skv. gr. 10.7 í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Óskað verður eftir leyfi Minjastofnunar Íslands um afléttingu minjaverndar á leið BO-661:028 skv. 21. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012, þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði kemur til með að fara yfir þessa leið á um 150 m kafla (sjá mynd 2).

Fylgigögn umsóknar:

Fylgiskjal 1 Teikningasett.

Fylgiskjal 2 Fornleifaskráning í landi Syðstu-Fossa í Borgarbyggð.

Virðingarfyllt


F.h. Unnsteins Snorra Snorrasonar



Haukur Einarsson

¹ <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1239#akm>

Fylgiskjal 1 – Teikningasett




Syðstu-Fossar



AÐKOMUVEGUR AÐ STÍFLU

VINNUVEGUR AÐ
TIPPSVÆÐUM/AÐSTÖÐU VERKTAKA

Mófellsstaðir

BORGARBYGGÐ
SKORRADALSHREPPUR





SKYRINGAR:
YFIRLITSMYND: AND-90-C-0-050010
HNIT ERU I ISET93
HÆÐARKERFI LH2004: LANDSHÆÐARKERFI
ÖLL MÁL ERU I METRUM (m) NEMA ANNAD SÖ

ÖLL MÁL ERU Í METRUM (m) NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM.


01. 03.23. BEREFANGING	 MANNVIT	ENDURB. ANDAKILSÁRVIRKJUN ANDAKILSÁR LÖN TIPPSVÆÐI 1 ÞVERSNID Vöðfesta, 300x0386 Tektur, AND-9C-C-A-050111 Stálur + Sæll + Dags. 10.02.23. Gest íslen. C Kanti 1300
UMS-950 	Urdæmefi 6 203 Krossing 52m 3200 www.mannvit.is Væveri 5.19.127 Hæu Vefi Stöf.	Urdæmefi 6 203 Krossing 52m 3200 www.mannvit.is Væveri 5.19.127 Hæu Vefi Stöf.
Upp. Dags. Sýring		




MANNVIT

ENDURB. ANDAKÍLSÁRVIRKJUN
ANDAKÍLSÁRLÓN
TIPPSVÆÐI 1
ÞÓVERSNID
Vefnúmerin: 3000-0386
Féll = Stafi + Stöður +
Dags. 10.02.23 Gerð leikn. C Kvart. 1500

ÞVERSNIÐ 1 - TIPPSVÆÐI 2



ÞVERSNIÐ 2 - TIPPSVÆÐI 2



HINTASKRÁ								
Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
201	371,588,627	451,469,953	211	371,705,900	451,432,849	221	371,601,285	451,420,748
202	371,603,989	451,473,128	212	371,700,862	451,409,950	222	371,595,078	451,438,790
203	371,614,298	451,470,183	213	371,686,693	451,397,712	223	371,593,594	451,445,912
204	371,638,186	451,468,240	214	371,671,137	451,393,007	224	371,588,759	451,462,377
205	371,654,202	451,470,591	215	371,688,445	451,380,545			
206	371,668,970	451,469,104	216	371,686,742	451,371,311			
207	371,676,633	451,458,332	217	371,647,777	451,372,051			
208	371,683,754	451,456,265	218	371,641,650	451,380,654			
209	371,692,647	451,448,331	219	371,625,300	451,385,313			
210	371,703,066	451,447,765	220	371,612,140	451,409,279			

01.10.23

VERNING

ME990

SKÝRINGAR:

YFIRLITSMYND: AND-90-CQ-050010

HMIT ERU Í ISNET93

HÆÐARKERFI LH2004. LANDSHÆÐARKERRI

ÖLL MÁL ERU Í METRUM (m) NEMA ANNAD SÉ TEND FRAM.

MANNVIT

ENDURB. ANDAKILSÁRVIRKJUN

ANDAKILSÁR LÖN

TIPPSVÆÐI 2

ÞVERSNIÐ

Verðfráir: 3000-0386

Telkur: AND-90-CQ-050012

Fell = 10.02.23

Stærð = 1:500

Skýringar: 10.02.23


Verðfráir: 3000-0386

Telkur: AND-90-CQ-050012

Fell = 10.02.23


Stærð = 1:500

pVERSNIÐ 1 - TIPPSVÆÐI 5



YFIRBORD TIPPSVÆÐIS


pVERSNIÐ 2 - TIPPSVÆÐI 5



YFIRBORD TIPPSVÆÐIS

NUVERANDI YFIRBORD

NUVERANDI YFIRBORD



HNITASKRÁ							
Punktur	X-heit	Y-heit	Punktur	X-heit	Y-heit	Punktur	Y-heit
501	371,546,631	451,713,428	511	371,602,934	451,752,705	521	371,556,282
502	371,572,755	451,713,866	512	371,602,211	451,763,968	522	371,553,073
503	371,590,078	451,709,509	513	371,601,071	451,775,461	523	371,551,097
504	371,595,172	451,704,417	514	371,602,159	451,782,716	524	371,546,306
505	371,600,267	451,704,417	515	371,599,347	451,788,157	525	371,549,218
506	371,602,501	451,708,527	516	371,598,840	451,789,478	526	371,550,346
507	371,602,501	451,714,780	517	371,574,761	451,790,948	527	371,548,469
508	371,605,888	451,719,068	518	371,564,900	451,792,635	528	371,541,255
509	371,609,383	451,720,677	519	371,564,900	451,770,014	529	371,541,861
510	371,603,870	451,742,791	520	371,563,612	451,767,261		

01.10.2023 VERTEPNING

ME936

SKYRSLA
YFIRSIG
HNIT ERU Í LÍN 193
HÆÐARKERFI LH2004. LANDSHEDARKERFI
ÖLL MÁL ERU Í METRUM (m) NEMA ANNAS SÉ TEKIÐ FRAM.



ENDURB. ANDAKILSÁRVIRKJUN
ANDAKILSÁRLÖN
TIPPSVÆÐI 5
PVERSNIÐ
Verðfréttir: 3000-0386
Fell = 10,02,23
Stað = 1300
Stað = 1300

Fylgiskjal 2 – Fornleifaskráning í landi Syðstu-Fossa í Borgarbyggð

FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI SYÐSTU-FOSSA Í BORGARBYGGÐ



BRYNJA ÁRNADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1066-25381



Á forsíðumynd er leið BO-661:028, horft til suðurs.

Myndina tók Brynja Árnadóttir.

Verkefnanúmer MÍ: 3506

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan 11 ha framkvæmdarsvæðis í landi Syðstu-Fossa í Borgarbyggð. Innan svæðisins er fyrirhugað að útbúa fimm tippsvæði þar sem jarðefni verða geymd, og leggja veg að þeim. Skráningin var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda á Syðstu-Fossum. Við skráninguna var ein fornleif, leið, skráð innan svæðisins og var hún skilgreind í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, Fornleifastofnun Íslands, Syðstu-Fossar, Borgarfjörður.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within an 11-hectare assessment area belonging to the farm of Syðstu-Fossar in Borgarfjörður. Survey was carried out by The Institute of Archaeology in Iceland on the behalf of landowner at Syðstu-Fossar. The 2025 survey recorded one site, a route, which is considered to be at high risk due to the proposed construction activities.

Keywords:

Archaeology, Institute of Archaeology (Iceland), Syðstu-Fossar, Borgarfjörður.

Efnisyfirlit


1. Inngangur	6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	8
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	10
4. Fornleifaskrá	13
5. Niðurstöður.....	15
6. Heimildir	17
Viðauki: Minjakort	18



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðis er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ.

1. Inngangur

Í september 2025 var unnin fornleifaskráning innan um 11 ha framkvæmdarsvæðis sem tilheyrir jörðinni Syðstu-Fossum í Borgarfirði. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda og er unnin vegna áætlana um gerð fimm tippsvæða og vega að þeim.



Mynd 2: Framkvæmdarsvæðið er um 11 ha og er afmarkað með appelsínugulri línu á myndinni. Innan þess er ein fornleif, leið BO-661:028. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Skráningarsvæðið er að hluta gróinn melur meðfram Fossastöpum til vesturs og Arnarstöpum til austurs. Á milli þeirra er mýrlendi sem nefnist Fossanes og nær úttektarsvæðið yfir hluta þess. Angi svæðisins teygir sig síðan til norðvesturs og endar hjá efnisnámu.

Ásýnd svæðisins hefur breyst nokkuð í gegnum tíðina. Helstu breytingarnar hafa verið af völdum Andakílsárvirkjunar sem reist var á árunum 1945-47¹ og myndunar inntakslóns virkjunarinnar. Af gömlum loftmyndum má einnig sjá að sléttuð tún voru þar sem náma er nú og er enn lítill túnblettur við vesturhlið hennar. Skráningarsvæðið er um 850 m suðaustan bæjarins á Syðstu-Fossum og er líklegt að svæðið hafi áður verið nýtt til útbeitar. (sjá mynd 2).

Farið á vettvang í október 2025 og svæðið gengið skipulega í leit að minjum. Ein fornleif var skráð innan marka úttektarsvæðisins. Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi og var úrvinnsla og skýrslugerð unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Brynju en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjastaðinn sem var skráður. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti.

¹ Helgi M. Sigurðsson, 2002.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Sýslutákn

SF

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

175:009

Sérheiti

Sveinshlaða

Tegund


tóft

Hlurverk

hlaða

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

E: 528751 N: 352323



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúngueg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-154:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: BO-154:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar

upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og hver staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-154:012). Þrátt fyrir að sú fornleif sem skráð var sé innan jarðarinnar Syðstu-Fossa er hún ekki skráð innan þeirrar jarðar heldur fellur hún í flokk minja ná yfir fleiri en eina jörð innan sveitarfélagsins. Slíkar fornleifar fá ekki númer sem bundið er við ákveðna jörð, heldur almennt númer sem nær til allra fornleifa af þessu tagi í hverju sveitarfélagi. Í þessu tilviki er það BO-661 „Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Andakílshreppi“.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki.

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Á síðari stigum er þá gjarnan tekið tillit til minja við útfærslu framkvæmda, eða ef það er ekki unnt, beðið um álit Minjastofnunar Íslands á því hvort og þá með hvaða skilyrðum slíkir minjastadir mega víkja. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

BO-154 Syðstu-Fossar

Sögulegar heimildir

„Syðstu-Fossar nefndust áður Syðri-Fossar, en nafnbreytingin varð, eftir að Fossakot byggðist. Töldust þeir 15 hundruð að mati. Bærinn á Syðstu-Fossum er á lágum hól rétt vestan Fossmela [...]. Sunnan bæjarins er Andakílsárvirkjun, og á hún land með ánni upp að miðlunarlóni ofan Andakílsárfossa.“ BB II, 204.

„Mið- og Syðstu-Fossar voru fyrrum ein jörð. Formleg landskipti hafa ekki orðið og landi lýst óskiptu.“ BB II, 204.

1470: (15. mars) Syðstu-Fossar og Mið-Fossar eru nefndar einu nafni Fossar framan af. Þeirra er getið undir því nafni árið 1470 í deilum tveggja bænda, Geirmundar Þorvarðssonar yngri á Fossum og Jóns Ketilssonar á Hvanneyri, um rétt á veiði milli Hrafnagils og Andakílsárfoss. DI V, 562-564.

1686: 15 hdr., Bændaeign. Björn Lárusson, 143.

1707: 15 hdr., Bændaeign. JÁM IV, 198.

1847: 15 hdr., Bændaeign. JJ, 113.

Landkostir

Túnakort 1920: Tún 37.233 m² = 11 2/3 dagsláttur, 1/6 þýft. Garðar 1190 m².

„[Um Nyðri-Fossa] Torfrista og stúnga næg. Móskurðu til eldiviðar nýtandi. Rifhrís til tróðs og eldiviðar nær þrotið.“ JÁM IV, 197.

„Kostir og hlunnindi til lands og vatns eru á þessari jörð [Syðstu-Fossum] sem áður er sagt um Nyðri Fossa, nema nokkru betra sje.“ JÁM IV, 198.

BO-661 Fornleifar á fl. en 1 jörð í Andakílshreppi



Mynd 4. Leið BO-661:028, horft til norðurs.

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um alfaraleiðir í Hvanneyrar- og Bæjarþingum 1840: „Afaravegur úr sóknunum og í þær liggur yfir Hvítá á Langholtswaði [BO-173:013], upp með Flókadalsá og svo eftir Varmalækjarmelum, yfir um Grímsá að Hesthálsi, [BO-681:002] undir honum skiptast vegir á Mannamótsflöt, liggur annar til landsuðurs yfir hálsinn að Andakílsá þar sem hún fellur úr Skorradalsvatni, yfir hana, fram með vatninu að sunnanverðu að Stóru-Drageyri og þar upp á Dragann til Svínadals

[BO-651:005]. Þetta er landvegur til Reykjavíkur. Hinn liggur neðar upp á Hestsháls og skiptist þar enn á ný, liggur önnur gatan yfir Andakílsá, upp á Skarðsheiði, milli Efrahrepps og Horns, að Leirá. Hinn vegurinn [BO-651:007] liggur neðar yfir ána og út með bæjum, fyrir framan hafnarfjall til Leirár- og Melasveitar.“ Leiðin sem hér er skráð er sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911. Hún lá af leið BO-651:007 á Kolási á merkjum milli Hálsa BO-133 og Syðri-Fossa BO-154 í Andakílsá, til suðvesturs yfir Andakílsá þar sem inntakslón Andakílsvirkjunar er og er leiðin þar með í Skorradalsá. Þá liggur hún áfram til suðvestur, suðaustan í Réttarási og áfram upp á og yfir Skarðsheiði. Þegar komið er yfir í Leirár- og Melasveit greinist hún í tvær aðskildar leiðir. Sú austari BO-641:004 nefnist Skarðsheiðarvegur á Herforingjaráðskorti 26 NA og lá austan við Snóksfjall en sú vestari BO-641:005 lá eftir norðvestanverðum Leirárdal. Leiðin var tekin út árið 2022 í landi Efri-Hrepps og fékk þá númerið BO-651:006_01. Árið 2025 var leiðin skráð á stuttum kafla í landi Syðstu-Fossa (BO-154), um 1 km suðaustan bæjarins á Syðstu-Fossum og um 300 m norðaustan inntakslóns Andakílsárvirkjunar.

Leiðin lá yfir gróinn mel en fast vestan hans er mýrlendi sem kallast Fossanes. Þar norðan við tekur svo við mói.

Á sama stað og leiðin lá eru óljós seinni tíma hjólför sem eru vel greinileg á loftmynd. Ekki sást skýr ummerki um eldri götur á því svæði sem var kannað 2025.

Langvarandi hættumat: engin hættu.

Tímabundið hættumat: mikil hættu, vegna framkvæmda.

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV; Herforingjaráðskort 26 NA; SSMB, 257

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður deiliskráningar innan 11 ha framkvæmdarsvæðis sem tilheyrir jörðinni Syðstu-Fossum. Svæðið nær yfir gróinn mel og mýri, um 850 m suðaustan bæjarins á Syðstu-Fossum, og hefur talist til úthaga jarðarinnar. Fornleifaskráningin er unnin vegna áætlana um gerð fimm tippsvæða og lagningu vega að þeim. Innan marka úttektarsvæðisins var aðeins skráð ein forleif, leið BO-661:028.

Leið BO-661:028 hefur legið í NNA-SSV í gegnum mitt úttektarsvæðið en ekki sáust nein ummerki hennar á yfirborði. Á sama stað og hún hefur legið voru óljós hjólför frá Skorradalsvegi til SSV og svo til SSA í gegnum framkvæmdasvæðið. Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskort frá árunum 1910 og 1911 og af þeim má sjá að hún hefur legið í gegnum þrjá hreppa, Skorradalshrepp, Andakílshrepp og Leirár-og Melahrepp. Hún endar á Skarðsheiðinni í Leirár- og Melahreppi og greinist þar í tvær aðskildar leiðir.² Hluti leiðarinnar sem er í Skorradalshreppi var áður skráður vegna umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu árið 2022 undir númerinu BO-641:006_01.³

Tímabundið hættumat var gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna minjastöðum og teljast því minjar innan framkvæmdarsvæðis sjálfkrafa í mikilli hættu. Almennt var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastað. Engin ummerki sjást um leiðina og lega hennar hefur nú verið áætluð á loftmynd þannig að líklegast má telja að Minjastofnun Íslands muni engra frekari mótvægisáðgerða krefjast vegna hennar.

² Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919).

³ Kristborg Þórsdóttir, 2024.

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kaflí 4). Ef það reynist óhjákvæmilegt að raska minjum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega víkja.

6. Heimildir

BB II: *Byggðir Borgarfjarðar II. bindi. Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. 1989. Borgarfjörður: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn 1857-1950*. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Helgi M. Sigurðsson. 2002. *Vatnsaflsvirkjanir á Íslandi*. Reykjavík: VST.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. IV. bindi. Borgarfjarðar- og Mýrarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafjelag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2024. *Holtavörðuheildarlína 1: Fornleifaskráning vegna úttektar á línukostum*. FS904b-21191. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

SSMB: *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: sýslu- og sóknalýsingar*. 2005. Reykjavík: Sögufélag & Örnefnastofnun Íslands.

Óprentaðar heimildir:

Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Túnakort 1920: Túnakort Syðstu-Fossa. 1920. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Syðstu-Fossar: Örnefnaskrá Syðstu-Fossa og Mið-Fossa. [á.á.]. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir áætlaða legu leiðar BO-661:028 í gegnum framkvæmdarsvæðið. Leiðin er merkt sem rauð brotalína og er lega hennar byggð á merkingu á herforingjaráðskortum frá upphafi 20. aldar.

